

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8 – 10,

Dagsetning
4. mars 2005

Tilvísun
A-8
LÖ/bb

150 REYKJAVÍK

Vísað er erindis efnahags- og viðskiptanefndar, dags. 10. febrúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn Ríkisendurskoðunar um frumvarp til laga um ársreikninga, 480. mál, EES-reglur, reikningsskilastaðlar.

Til svars erindinu tekur Ríkisendurskoðun fram að hún telur að almennt muni umrætt frumvarp stuðla að því að ársreikningalögin verði bæði í samræmi við reglur og tilskipanir ES á sviði reikningskila um leið og þau eru færð til nútímalegra horfs í ljósi þróunar á þessu sviði á síðustu árum. Stofnunin hvetur því til þess að þetta mikilvæga mál fái vandaða umfjöllun og verði afgreitt á yfirstandandi þingi. Að öðru leyti leyfir hún sér að vísa til umsagnar Reikningsskilaráðs um efni frumvarpsins, en eðli málsins samkvæmt tók ríkisendurskoðandi þátt í samningu hennar, sbr. 79. gr. núgildandi ársreikningalaga.

Sý þátt /
Árnór Þorgeirsson